

56. Fundur stúdentaráðs

Fundarritari: Andrés Tryggvi Jakobsson

Mæting

Sólveig María Árnadóttir (formaður), **Andrés Tryggvi Jakobsson** (varaformaður) og **Einar Hannesson** (fjármálastjóri)

DATA: Þórný Stefánsdóttir

EIR: Sara Valgeirsdóttir

Boðaði forföll: Þórey Erla Erlingsdóttir, boðaði varamann.

KUMPÁNI: Óli Valur Pétursson

MAGISTER: Júlía Ósk Bjarnadóttir

REKI: Ágústa Skúladóttir

STAFNBÚI: Amelía Ósk Hjálmarsdóttir

ÞEMIS: Orri Kristjánsson

ALÞJÓÐANEFND: Eydís Sigurðardóttir Schiöth

KYNNINGANEFND: María Dís Ólafsdóttir

Boðaði forföll: Birna Heiðarsdóttir, boðaði varamann.

VIÐBURÐANEFND: Auður Reynisdóttir

Boðaði forföll: Helga Björg Loftsdóttir, boðaði varamann.

ÁHEYRNARFULLTRÚAR:

Leifur Guðni Grétarsson, gæðaráði

Andrea Sif Steinþórsdóttir, jafnréttisráði

Heiða Hlín Aðalsteinsdóttir, frambjóðandi í fjarnemanefnd

Sunneva Ómarsdóttir, frambjóðandi í fjarnemanefnd

Dagskrá

- I. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.**
- II. Kynning á framboðum í formann fjarnemanefndar.**
Tvö framboð hafa borist: Heiða Elín Aðalsteinsdóttir og Sunneva Ómarsdóttir.
- III. LÍS**
 - Stutt kynning á því sem fór fram á Landsþingi LÍS 2018
 - Gæðastefna LÍS tekin fyrir
 - Fulltrúar í fulltrúaráði LÍS
- IV. Úthlutunarreglur LÍN 2018-2019**
- V. Vinnufundur 13. apríl 2018**
- VI. Önnur mál**
 - a. Nýnemadagar
 - b. Merki félagsins
- VII. Kosning í formann Fjarnemanefndar**

I. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Fundur settur klukkan 16:11. **Fundargerð samþykkt einróma.**

II. Kynning á framboðum í formann fjarnemanefndar.

Tvö framboð hafa borist: Heiða Elín Aðalsteinsdóttir og Sunneva Ómarsdóttir.

Frambjóðendur byrjuðu á að kynna sig og byrjaði Heiða Elín. Við tók svo Sunneva Ómarsdóttir.

III. LÍS

- Stutt kynning á því sem fór fram á Landsþingi LÍS 2018

a. Sólveig hélt smá kynningu á hvernig þingið fer fram og hverjir fóru fyrir okkar hönd.

- Gæðastefna LÍS tekin fyrir

b. Sólveig fór yfir gæðastefnu og bendir á nokkra þætti sem mætti betrumbæta og nefnir að fulltrúar okkar í fulltrúaráði óski eftir ítarlegri vinnu og samvinnu við gæðastjóra háskólanna.

c. Sólveig nefnir prófanúmerin og hvernig þau eru kynnt í gæðastefnu LÍS. Leifur nefnir að tæknileg atriði sé mesta hindrunin í að þetta sé tekið í notkun við HA. Minna mál með skrifleg lokapróf. Sólveig nefnir líka með fyrirlestur og prófadómar. María Dís nefnir sína reynslu af svipuðu kerfi í háskóla úti, og bendir á að ekki sé hægt að fá leiðsögn með verkefni því þá veit kennari hvaða nemandi með hvaða verkefni. Amelía spyr hvort hægt sé að taka upp prófanúmer bara í lokaprófum.

d. Sólveig kynnir líka aðgangsstýringuna í gæðastefnu LÍS og ákvarðanir sem HA tók um aðgangsstýringu nýlega í tveimur leiðum.

e. Námsbrautir, nemendur eiga að vera þátttakendur í stofnun á nýrri námsbraut

f. Fjölbreyttar kennsluáferðir og námsmatsþættir. Mikið fagnaðarefni.

- Fulltrúar í fulltrúaráði LÍS

g. Lísa Margrét Rúnarsdóttir vill halda áfram ásamt Birni Ólafssyni

h. Þá vantar einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa. Óskað eftir tilnefningum á sha@sha.is. Gefinn frestur til 13. apríl

IV. Úthlutunarreglur LÍN 2018-2019

Sólveig ber undir til samþykktar umsögn stúdentaráðs sem sent var í

fundargögnum til fundargesta. **Umsögnin var samþykkt einróma.**

V. Vinnufundur 13. apríl 2018

Sólveig minnir á vinnufundinn föstudaginn 13. Apríl. Fer yfir drög að dagskrá og minnir á mikilvægi þess að sem flestir mæti. Einar minnir á að gjaldkerar mæti með tölvur.

VI. Önnur mál

a) Nýnemadagar

- i. Sólveig minnir á að allar stjórnir verða að vera á svæðinu á föstudeginum ásamt því að vera á sínum degi.

b. Merki félagsins

- i. Sólveig kynnir logo sem er búið að vinna. Frestur til að kjósa um logo og koma með tillögur fram á föstudag þann 6. apríl

VII. Kosning í formann Fjarnemanefndar

- a. Haldin var leynileg kosning þar sem **Sunneva Ómarsdóttir var kosin** með meirihluta atkvæða.

Fundi slitið 17:01